

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar í máli nr. E-10160/2009:

Magnús Þorsteinsson

(Benedikt Ólafsson hrl.)

gegn

Gunnari Erni Jónssyni

(Daníel Isebarn hdl.)

I

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 28. janúar sl., er höfðað af Magnúsi Þorsteinssyni, til heimilis í St. Petersburg í Rússlandi, með stefnu, birtri 8. september 2009, á hendur Gunnari Erni Jónssyni, Rjúpufelli 5, Reykjavík, til refsingar vegna meiðyrða, til ómerkingar ummæla, sem stefndi flutti í fréttatíma Stöðvar 2, mánudaginn 27. júlí 2009, til greiðslu miskabóta, til greiðslu kostnaðar vegna birtingar á dómi og til greiðslu málskostnaðar.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda.

Við fyrirtöku málsins 12. janúar sl., lagði lögmaður stefnda fram eftirfarandi bókun:

1. Af hálfu stefnda er þess krafist að hann fái að leiða fyrir dóminn til skýrslugjafar vitni sem gefa muni skýrslu (a) einslega fyrir dómara í málinu og votti og (b) án þess að nafn vitnisins verði tilgreint í dómi eða gefið upp öðrum en dómara í málinu og votti.

2. Af hálfu stefnda er skorað á stefnanda að gefa skýrslu fyrir dómi og upplýsa um fjármunaflutninga sína haustið 2008 og önnur atriði er málinu tengjast.

Lögmaður stefnanda mótmælti kröfu stefndu samkvæmt 1. lið bókunar, en kvað stefnanda myndu gefa skýrslu fyrir dómi, sbr. 2. lið bókunar lögmanns stefnda.

Var krafist úrskurðar dómara um framkomna kröfu samkvæmt fyrri lið bókunar stefnda. Var lögmönnum gefinn kostur á að reifa sjónarmið sín og lagarök varðandi kröfu þessa í þinghaldi 28. janúar sl. og krafan að því búnu tekin til úrskurðar.

II

Lögmaður stefnda kveður að þau ummæli sem krafist er ómerkingar á, hafi stefndi byggt á upplýsingum frá heimildarmanni. Stefndi eigi afar brýna hagsmuni af því að heimildarmaður þessi gefi skýrslu um málsatvik fyrir dómnum, en hann hafi tjáð stefnda að hann muni ekki gefa skýrslu fyrir dómnum, nema slík skýrslugjöf fari fram einslega fyrir dómara og þá án þess að nafn vitnisins verði tilgreint í dómi eða gefið upp öðrum en dómara og votti. Telji heimildarmaðurinn að fjárhagslegum hagsmunum hans, félagslegum sem og hagsmunum sem tengist atvinnufrelsi verði stefnt í hættu ef hann gefi skýrslu í heyranda hljóði fyrir dómnum. Kveður stefndi kröfu þessa eiga sér stoð í ákvæðum laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, sem beitt verði um málsefnið með lögjöfnun, einkum í ljósi þess að málið sé m.a. höfðað til refsingar á hendur stefnda. Vísi stefndi í sambandi einkum til 107. og 8. mgr. 122. gr. laga nr. 88/2008, sem og undirstöðuraka XVIII. kafla laganna.

Telji stefndi sig ekki geta haldið uppi fullnægjandi vörnum í málinu verði krafa hans ekki tekin til greina og að með því væri vegið að brýnum hagsmunum hans, sem verndaðir eru með ákvæðum 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. stjórnskipunarlæg nr. 33/1944 með síðari breytingum og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr.62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

Stefnandi kveður að framkomin krafa stefnda eigi sér enga stoð í lögum, en hún brjóti hins vegar gegn mörgum ákvæðum íslenskra laga, sem og Evrópusamþykktu.

Þá bendir hann á að samkvæmt 8.gr. laga um meðferð einkamála skuli þinghöld háð í heyranda hljóði. Ef fallist yrði á framkomna kröfu stefnda yrði brotið gegn ákvæðum. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem kveði á um réttláta málsmeðferð fyrir dómi.

Jafnframt bendir stefnandi á að réttur stefnda verði ekki fyrir borð borinn, þótt ekki yrði fallist á framkomna kröfu og dómari geti ákveðið að loka þinghaldi til hlífðar vitni, sbr. 8.gr. laga um meðferð einkamála. Þá séu einnig í 2. mgr. 9. gr. laganna ákvæði um að óheimilt sé að greina frá því sem fram komi í lokuðu þinghaldi, nema með samþykki dómara.

III

Stefndi hefur krafist þess að fá að leiða fyrir dóminn til skýrslugjafar vitni sem muni gefa skýrslu einslega fyrir dómnum án þess að nafn vitnisins verði tilgreint í dómi, eða gefið upp öðrum en dómara og votti.

Fallist er á með lögmanni stefnanda að ekki verði séð að krafa þessi eigi sér nokkra stoð í lögum, en tilvitnuðum ákvæðum sakamálalaga nr. 88/2008 verður ekki beitt með lögjöfnun í málinu.

Krafan felur í raun í sér útilokun annarra en stefnda sjálfs til að spyrja vitni nokkurs sem máli getur skipt, enda er vitneskja aðila um nafn vitnis og tengsl þess við sakarefnið nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að fá fram og staðreyna upplýsingar sem máli geta skipt fyrir málstað aðilans.

Ef fallist yrði á kröfuna væri aðilum máls þessa verulega mismunað og þannig brotið gegn rétti stefnanda til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Kröfunni er samkvæmt framangreindu hafnað.

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefnda um að hann fái að leiða fyrir dóminn til skýrslugjafar vitni sem gefa muni skýrslu (a) einslega fyrir dómara í málinu og votti og (b) án þess að nafn vitnisins verði tilgreint í dómi eða gefið upp öðrum en dómara í málinu og votti, er hafnað.

Ingveldur Einarsdóttir